

Laugardaginn 11. ágúst 1962.  
 Nr. 5/ 1962. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h.**  
**Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík**  
 (Björgvin Sigurðsson hdl.)  
 gegn  
**Alþýðusambandi Íslands f. h. Trésmiðafélags**  
**Reykjavíkur**  
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómarar Benedikt Sigurjóns-  
 son, Sigtryggur Klemenzson og  
 Guðmundur Vignir Jósefsson í  
 stað Ísleifs Árnasonar, Gunnlaugs  
 E. Briem og Einars B. Guðmunds-  
 sonar.

Stéttarfélag dæmt til greiðslu sektar vegna ólögmæts verk-  
 falls.

#### Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags.  
 2. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meistara-  
 félags húsasmiða í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Ís-  
 lands f. h. Trésmiðafélags Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þessar:

- 1) að dæmt verði, að vinnustöðvun sú, sem Trésmiða-  
 félag Reykjavíkur lét koma til framkvæmda kl. 24 00  
 hinn 26. júlí 1962 hjá félagsmönnum Meistarafélags  
 húsasmiða í Reykjavík, sé brot á II. kafla laga nr.  
 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur,
- 2) að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar í ríkis-  
 sjóð fyrir brot á nefndum lagaákvæðum og
- 3) að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostna-  
 að fyrir Félagsdómi eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostna-  
 aðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. júlí 1961 gerðu aðiljar máls þessa, Meistarafé-  
 lag húsasmiða og Trésmiðafélag Reykjavíkur, sem er

stéttarfélag trésmiða, samning um kaup og kjör, en félög þessi hafa a. m. k. frá því á árinu 1955 gert slíka samninga. Kjarasamningur þessi átti að gilda til 1. júní þ. á., en samkvæmt sérstöku ákvæði var honum sagt upp af hálfu trésmiðafélagsins frá og með 10. des. 1961. Þrátt fyrir þessa uppsögn var þó eftir sem áður fylgt ákvæðum nefnds samnings og m. a. hækkaði kaup trésmiða um 4% 1. júní s.l., en svo hafði verið samið um í 11. gr. hans.

Umræður um nýja samninga fóru af og til fram undanfarnar vikur eða mánuði án þess að samkomulag næðist um nýjan samning. Var svo komið, að samningsaðiljar höfðu, hvor um sig, lagt fram ákveðnar tillögur um breytingar á hinum eldri samningi, sem enn var unnið eftir, svo sem áður var sagt.

Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Trésmiðafélags Reykjavíkur 15. júlí þ. á. var gerð svofelld bókun:

„Samþykkt var að fela stjórn og nefnd trúnaðarmannaráðs að semja tillögu um kaup og hlunnindi til auglýsingar, og leggja fyrir félagsfund sem fyrst — náist ekki samningar við vinnuveitendur.“

Mun hafa verið kosin 3ja manna nefnd í málið samkvæmt þessari ályktun til þess að vinna með stjórn félagsins.

Á viðræðufundi, sem aðiljar máls þessa héldu 17. þ. m., mæltust fulltrúar Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík til þess, að deiluaðiljar vísuðu ágreiningi sínum um kaup og kjör til sáttasemjara ríkisins samkvæmt 27. gr. laga nr. 80/1938 en þeirri málaleitan var hafnað af fulltrúum Trésmiðafélags Reykjavíkur. Þess í stað var haldinn almennur félagsfundur í síðastnefndu félagi að kvöldi næsta dags, 18. júlí. Samkvæmt samþykkt þess fundar gaf stjórn Trésmiðafélags Reykjavíkur sama dag út svohljóðandi

„Kauptaxta.

Samkvæmt samþykkt félagsfundar í Trésmiðafélagi Reykjavíkur, eru lágmarkskauptaxtar félagsins sem hér segir, og er öllum félagsmönnum óheimilt að vinna fyrir

læggra kaup. Kauptaxtarnir gilda frá og með 27. júlí næstkomandi . . . . .“

Er því næst talið upp það kaup, sem greiðast skyldi, en kauptaxti þessi fól í sér kauphækkun frá því, sem greitt hafði verið samkvæmt áðurnefndum kjarasamningi frá 1. júlí 1961. Kauptaxta þenna birti stjórn trésmiðafélagsins í hádegisútværpi og kvöldútværpi næsta dag, 19. júlí, en árdegis sama dag afhenti stefnandi sáttasemjara ríkisins kjaradeilu málsaðilja til meðferðar og sendi honum jafnframt kröfur aðilja, sem fram voru komnar. Sáttasemjari boðaði aðilja máls þessa til sáttafundar að kvöldi þess sama dags og er fram komið, að á þeim fundi hafi fyrirsvarsmenn stefnanda og sáttasemjari fengið í hendur skriflegt eintak af kauptaxta trésmiðafélagsins í því formi, sem hann var gefinn út af félaginu, en hann birtist í dagblöðum Reykjavíkur næsta dag, 20. júlí. Fundi sáttasemjara lauk án þess að samkomulag næðist. Hinn 21. júlí birti stefnandi tilkynningu þess efnis, að nefndum kauptaxta stefnda væri mótmælt sem markleysu og jafnframt var félagsmönnum Vinnuveitendasambands Íslands og Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík bannað að greiða kaup samkvæmt hinum auglýsta taxta Trésmiðafélags Reykjavíkur. Með bréfi dags. 24. júlí sendi trésmiðafélagið félagsmönnum sínum oftnefndan kauptaxta. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Þær aðgerðir sem Trésmiðafélagið hefur samþykkt að gera þ. e. a. s. auglýsing á kauptaxta og hlunnindum koma til framkvæmda föstudaginn 27. þ. m.

Framkvæmd þess er frekar en nokkuð annað undir því komið, að hver einasti félagsmaður standi dyggilega vörð um hagsmuni sjálfra sín og félagsins og vinni ekki hjá neinum þeim aðilja, sem neitar að greiða samkvæmt auglýsingunni, að sjálfsögðu er félagsmönnum heimilt að vinna hjá öllum öðrum.“

Sáttasemjari ríkisins hélt aftur fund með aðiljum máls þessa þann 26. júlí. Hófst hann síðdegis þann dag og stóð fram á morgun næsta dag án þess að samningar tækjust.

Afleiðing þessa ágreinings og framangreindra ráðstaf-

ana varð sú, að vinna hjá félagsmönnum Meistarafélags húsasmíða í Reykjavík mun að mestu hafa lagzt niður, þar sem meistarafélagið neitaði að greiða samkvæmt taxta trésmíðafélagsins.

Dómkröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að Trésmíðafélag Reykjavíkur hafi með framangreindum félagslegum aðgerðum sínum bannað félagsmönnum að vinna nema þeir fengju greitt kaup samkvæmt þeim kröfum félags síns, sem það hafði sett fram í kjaradeilu. Þetta hafi félagið gert í þeim tilgangi, að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör. Hér sé þess vegna um vinnustöðvun að ræða í merkingu laga nr. 80/1938. Hafi því Trésmíðafélagi Reykjavíkur borið að taka ákvörðun um hana með þeim hætti, sem boðið sé í II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta hafi félagið hins vegar látið undir höfuð leggjast, þar sem hvorki hafi verið gætt ákvæða 15. gr. nefndra laga né þeirrar tilkynningarskyldu, sem skylt sé að gæta samkvæmt 16. gr. sömu laga. Með þessari vanrækslu hafi stefndi, Trésmíðafélag Reykjavíkur, gerzt brotlegur við nefnd lagaákvæði og unnið til sektar samkvæmt 65. gr. laganna.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hann hafi á nokkurn hátt gerzt brotlegur við ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 með því að gefa út kauptaxta fyrir félagsmenn sína. Kveður hann, að útgáfa kauptaxtans sé að öllu leyti lögleg, því það sé hvergi bannað, að stéttarfélög ákveði kaup félagsmanna sinna með þeim hætti. Hann mótmælir því og, að um nokkra vinnustöðvun af sinni hálfu sé að ræða. Þá heldur hann því enn fram, að trúnaðarmannaráð trésmíðafélagsins hafi, samkvæmt framangreindri ályktun þess frá 15. júlí s. l. fjallað um kauptaxtann með þeim hætti að fullnægt sé ákvæðum 15. gr. nefndra laga, en það hafi vald til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Einnig heldur hann því fram, að stefndi og sáttasemjari hafi fengið vitneskju um kauptaxtann og efni hans með þeim fyrirvara, sem 16. gr. sömu laga tilskilur, þar sem þessir aðiljar hafi fengið hann í hendur prentaðan á sáttafundinum 19. júlí svo sem að framan er rakið. Þá

leggur stefndi að lokum áherzlu á það, að eigi hafi að sinni tilhlutan komið til nokkurrar vinnustöðvunar hjá félagsmönnum stefnanda.

Af þeirri forsögu máls þessa, sem rakin hefur verið hér að framan, er ljóst, að upp var kominn milli aðilja máls þessa vinnudeila, þar sem þeir deildu um það, hvaða kjör skyldu gilda, er félagsmenn Trésmiðafélags Reykjavíkur ynnu hjá félagsmönnum Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík, en hinn eldri kjarasamningur var niður fallinn fyrir uppsögn af hálfu trésmiðafélagsins, sem nú krafðist breytinga á honum og betri kjara fyrir félagsmenn sína en áður var samið um. Fyrirmæli kauptaxtans, sem samþykktur var á félagsfundi 18. júlí s.l. og stjórn félagsins birti þvinæst opinberlega og félagsmönnum sérstaklega með áðurgreindu bréfi 24. s. m., lutu m. a. að því, að félagsmönnum var bannað að vinna hjá öðrum en þeim, sem greiddu kaup samkvæmt honum. Telja verður að þetta bann hafi verið sett í þeim tilgangi, að fá framgengt kröfum í vinnudeilu í merkingu laga nr. 80/1938. Fyrirmæli um bann það, er í kauptaxtanum fólst jafngilti því ákvörðun um verkfall samkvæmt 14. gr. nefndra laga og bar að taka ákvörðun um það samkvæmt 15. gr. sömu laga. Eigi verður talið að samþykkt sú, sem gerð var í trúnaðarmannaráði Trésmiðafélags Reykjavíkur, og lýst er hér að framan, sé þannig úr garði gerð, að hún verði metin lögleg ákvörðun um vinnustöðvun af hálfu Trésmiðafélags Reykjavíkur. Og þar sem ekki er fram komið, að félagið hafi tekið slíka ákvörðun með lögmæltum hætti, hefur það gerzt brotlegt við ákvæði 15. gr. framangreindra laga og ber að dæma það til greiðslu sektar fyrir brot á þeirri grein samkv. 65. gr. sömu laga.

Þar sem ákvörðun Trésmiðafélags Reykjavíkur um að banna félagsmönnum að vinna fyrir önnur kjör en ákveðið var í kauptaxta félagsins, var eigi gerð á lögmæltan hátt samkvæmt fyrirmælum 15. gr. laga nr. 80/1938, og atvikum um tilkynningu þeirrar ákvörðunar var að öðru leyti svo háttað, sem að framan greinir, verður félagið ekki dæmt fyrir brot á ákvæðum 16. gr. sömu laga.

Sekt Trésmiðafélags Reykjavíkur þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. nefndra laga, kr. 4000.00, er greiðist í rikissjóð.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Dómsorð:

Trésmiðafélag Reykjavíkur greiði kr. 4000.00 sekt í rikissjóð.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Trésmiðafélags Reykjavíkur, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meistarafélags húsmiða í Reykjavík, kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---